

Alþingi

Erindi nr. B 112 / 1980

Bls. 1

komudagur 24 / 04 1990

Arni Böðvarsson
24. apríl 1990

Lausleg endursögn á færeyskri skýrslu

um útgerð (Upprit um fiskivinnuna)

(ATH.: Þýðingar einstakra hugtaka kunna að orka tvímælis,
en engin tók voru á nánari könnun á svo skömmum tíma.)

Erfiðleikar í útgerð hafa vaxið ár frá ári, að nokkru vegna viðskiptanna við markaðslöndin og að nokkru vegna breyttra atvinnuhátta í aðalatvinnugrein okkar. Sambandið milli einkarekstrar og landskassans verður sífellt óljósara. Stundum er örðugt að segja hver hefur ákvörðunarrétt og ber ábyrgð.

Þetta breytta samband kemur fram á flestum sviðum greinarinnar, hvort sem rætt er um skipasmíði, rekstur, fisksölu, stuðning eða fiskverð.

Samstarfsnefnd landsstjórnarinnar hefur lengi unnið að breyttri skipan og leggur nú fram nokkrar tillögur um breytingar, sem geta smám saman bætt samskiptin. Tilgangurinn er:

að fá gleggri mörk í samskiptum atvinnulífsins og landskassans,

að skapa atvinnuveginum svo góð kjör sem unnt er, jafnframt því sem meiri ábyrgð er lögð á atvinnulífið,

að ýta undir að veiddur fiskur fái bestu meðferð á sjó og landi þannig að herra verð fáið fyrir útflutningsvöruna,

að veiðiflotinn verði hæfilegur eftir því sem unnt er,

að móta samskipti í greininni og samfélaginu í heild eftir markaðsverði á útflutningsvöru okkar, og

að ýta undir að atvinnuvegurinn styrkist þegar vel árar svo að hann sé fær um að taka við áföllum sem koma við og við, án hjálpar af almannafé.

Með þetta í huga hefur nefndin komið sér saman um eftirfarandi:

1. Útgerðarráð og starfsnefnd útgerðarinnar.

Nefndin telur brýnt að útgerð og stjórnvöld skýri sjónarmið sín og fyrirætlanir, og að fast samstarf komist á um það. Landsstjórnin mun því leggja fyrir þingið tillögu um að breyta útgerðarráði á þessa leið:

1.1. Útgerðin velur þrettán fulltrúa ýmissa hagsmuna og veiðiaðferða. Ráðið kýs sér sjálft formann og varaformann. Það skal halda fund minnst tvisvar á ári. Landsstjórnin leggur mikilsverð sjávarútvegsmál fyrir útgerðarráðið til athugunar, og það getur einnig af eigin hvötum tekið mál til meðferðar. Ráðið sendir landsstjórninni skýrslu eigi sjaldnar en einu sinni á ári, þar sem öll sjónarmið koma fram.

1.2. Þar að auki verður kosin starfsnefnd útgerðarinnar með fimm mönnum sem mega ekki eiga sæti í útgerðarráði. Útgerðarráð velur fjóra og landsstjórnin einn í starfsnefndina, og er hann formaður. Starfsnefndin getur komið sem áheyrnarfulltrúar á fundi útgerðarráðs. Landsstjórnin skipar sama skrifara fyrir útgerðarráð og starfsnefndina. Starfsnefndin er milliliður milli landsstjórnarinnar og útgerðarráðs. Landsstjórnin leggur tillögur um lög, tilkynningar, reglugerðir og þess háttar fyrir starfsnefndina.

2. Samsetning og úrelding veiðiflotans.

Yfirleitt eru menn sammála um að veiðiflotinn við Færeyjar sé of stór. Afleiðingar eru:

- að fiskistofnarnir verða fyrir of miklu álagi,
- að skipin fá of lítinn hlut en vera ætti, og
- að fjárhagur þeirra er þrengri en þyrfti.

Til að bæta úr þessu væri best að minnka veiðigetuna um 20-25%. Ef úthafstogurunum er um leið breytt til að verka aflann um borð, verður þar þörf fyrir þann mannskap sem losnar. Slík beyting er þó háð því að annar fiskur fái stöðuga þeim vinnslustöðvum sem til þessa hafa verkað afla úr

úthafstogurum.

Koma verður málum þannig fyrir að veiðigetan minnki. Landsstjórnin mun því leggja fyrir þingið tillögu um nýjar reglur um úreldingarstyrk.

Fé hefur verið veitt til úreldingar á fjárlögum í mörg ár. 73 miljónir króna hafa verið samþykktar í úreldingarstyrk samkvæmt reglum sem landsstjórnin og fjárhagsnefnd settu.

Eftir þessum reglum fengu Realkredittstovnurin og Fiskaríbankinn lánið endurgreitt að fullu, en aðrir fengu allt að 80%.

Ekki er talið að skuldir vega skipsins eigi að ráða upphæðinni, heldur hitt hversu mikla veiðigetu er unnt að losna við. Samt er framvegis ætlunin að leggja veiðiskipum til úreldingarstyrk, þótt þau hafi ekki stundað veiðar um hríð, í þeim tilgangi að veiðileyfi hverfi frá þeim.

Fjárveitingin til slíkra skipa verður 10.000 kr. fyrir hvert brúttótonn.

Miklu skiptir að álagið á fiskimiðunum minnki fljótt. Því verður sett í lög að úreldingarstyrkur fái aðeins 1991 og 1992.

Rætt er um þrenns konar úreldingarstyrk. Stuðning má veita þannig að greiddar verði 10.000 kr. fyrir hvert brúttótonn og 5.000 kr. fyrir hvert tonn af hráefni (fiski upp úr sjó) sem skipið hefur veitt að meðaltali fjögur bestu aflaár síðustu sex árin áður en umsókn um styrk er lögð fram, miðað við fisk upp úr sjó.

Einnig verður landsstjórninni heimilt að kaupa skip á nauðungarsölu eða til dæmis af peningastofnun í þeim tilgangi að úrelða þau. Heimild til að kaupa fiskiskip til úreldingar gildir einnig, þótt landssjóðurinn eigi ekki veð í skipinu né beri ábyrgð vegna þess.

Í þriðja lagi getur landsstjórnin samið við banka og aðrar peningastofnanir um það hvernig skuld vegna skipsins skuli greiddast. Samráð hefur verið haft við báða stóru færeysku bankana um þetta.

Í báðum seinni tilvikunum gilda einnig 5.000 kr. fyrir hvert veitt tonn og 10.000 kr. fyrir hvert brúttótonn.

Ákveðin skilyrði verða sett fyrir að fá styrk. Veiðiskipið skal hafa verið í eigu sama aðila að minnsta kosti tvö ár, það missir veiðileyfið að fullu og öllu og fær í framtíðinni engan styrk úr landssjóði.

Síðan verður tilkynnt að hugsanlegur ágóði af úreldingarstyrk verði skattlagður eins og ágóði af skipasölu, og að fiskiskip sem hafa fengið úreldingarstyrk geti ekki legið ónotuð lengur en eitt ár.

Ætlunin er að eigandi sem fær úreldingarstyrk eigi skipið með þessum kvöðum og að hann geti selt það eða notað til annars en veiða. Þetta merkir að úreldingarstyrkur verður fyrst og fremst veittur til að ná veiðileyfum frá skipum og bátum.

Til þess að draga úr veiðialagi er ætlunin að setja reglur um að útróðrabátar og skip sem veiða í Ís skuli vera frá veiðum fjórar vikur á tímabilinu 20. júní til 20. ágúst.

3. Nýsmíðar báta og skipa.

Mismunandi fyrirkomulag hefur verið á almennum stuðningi og styrk til endurnýjunar fiskiflotanum. Þótt gera megi ráð fyrir að fiskiflotinn minnki þegar úreldingarstyrkur verður veittur, verður sí og æ þörf á að endurnýja í framtíðinni flotann sem eftir verður.

Landsstjórnin hyggst leggja fram á þessu þingi fleiri lagafrumvörp um breytingu á almennri þátttöku í skipasmíðum. Tillögurnar verða þessar:

3.1. Til nýsmíða á skipum og bátum leggur landssjóður fram sem styrklán ákveðinn hundraðshluta af kostnaðinum. Upphæðin skal, þegar það er unnt, vera nægilega há til þess að skipið beri sig án rekstrarstuðnings. Styrklánið er vaxta- og afborgunarlaust og verður afskrifað á 15 árum. Það þýðir að ef skipið er selt úr landi þegar það er til dæmis sjö ára gamalt, skulu 8/15 lánsins greiðast landssjóðnum aftur. Ef skipið eða báturinn er áfram í færeyska fiskiflotanum í 15 ár eða lengur, verður ekkert af styrkláninu endurgreitt.

3.2. Styrklánið er hið sama hvort sem skipið er smíðað í Færeyjum eða erlendis. Styrkurinn verður veittur færeyskum fiskiskipum sem smíða skip eða báta í færeyska veiðiflotann eða breyta þeim.

Styrklánið á að koma í staðinn fyrir neðangreind lög sem verða numin úr gildi:

3.3. Unnið verður að því að styrklán og lán frá peningastofnun verði jöfn.

3.4. Lög um veð til nýsmíða veiðiskipa verða afnumin. Veðið er nú allt að 10% til skipa yfir 20 tonn þegar smíðað er erlendis, og allt að 15% þegar smíðað er í Færeyjum. Veð verður aðeins veitt með jafnhárri tryggingu frá peningastofnun.

3.5. Lög um lán til nýsmíða veiðiskipa verða afnumin. Það er nú allt að 10% þegar smíðað er í Færeyjum.

3.6. Lög um vaxtastyrk til nýrra skipa verða afnumin. Hann er nú 125 þegar smíðað er í Færeyjum.

3.7. Lög um lán til breytinga verða afnumin. Það er allt að 8% þegar breytingin fer fram erlendis, en allt að 15% þegar breytingin fer fram í Færeyjum.

3.8. Lög um veð vegna breytinga verða numin úr gildi. Það er allt að 30% þegar endursmíðin fer fram í Færeyjum eða erlendis.

3.9. Lög um smíðaveð og samningsveð verða afnumin.

4. Rekstur núverandi flota.

Brýnt er að útvega veiðiflotanum lán til að breyta skuldum þannig að ráðrúm verði til að halda rekstrinum gangandi.

Heimaflotinn hefur samkvæmt upplýsingum útgerðarráðsins safnað 380 miljóna króna skuld árin 1985 til 1988. Til að ráða við þessa skuld þarf að útvega eigi minni upphæð en einar 200 miljónir króna. Eigi að síður eru nokkur fiskiskip sem enga möguleika hafa til að bera sig, og einnig verða

nokkur úrelduð.

Til þess að fiskiskip með meðaltalsrekstur geti haldið áfram og útgerð þess borið sig, hyggst landsstjórnin leggja fram frumvarp á þingi um að heimila lánveitingu til tíu ára, á lágum vöxtum og afborgunarlaust í fimm ár.

Skilyrði til að fá lánið er að samkvæmt útreikningi útgerðarráðsins liggja rekstur veiðiskipsins innan þeirra meðallagsmarka sem það þarf til að bera sig.

Lánsupphæðin er ákveðin fyrir hvern flokk skipa um sig og fer eftir veiði, stærð og aldri skipsins.

Landssjórnin útvegar féð, en peningastofnun sér um lánin.

5. Skipting aflans upp úr sjó, hráefnisins.

Landsstjórnin mun leggja til við þingið að skipta öllum fiski upp úr sjó sem landað er úr færeyskum fiskiskipum í Færeyjum, milli vinnslustöðva:

7.000 tonn verða sett í sérstaka vinnslu. Fiskur sem er keyptur að til vinnslu í Færeyjum, reiknast ekki með í skiptunum.

Efni laganna verður þetta:

5.1. Skipting aflans upp úr sjó gildir frá 1. maí 1990.

5.2. Þessar fisktegundir koma til skiptanna: þorskur, ýsa, keila, langa, blálanga, ufsi, karfi, steinbítur, skötuselur, lýsa, lúða, grálúða, skarkoli og þykkvalúra.

5.3. Eftirtöldum vinnslustöðvum er heimilt að kaupa tilgreinda hundraðshluta þess fisks upp úr sjó sem seldur er í Færeyjum:

Bacalao	9,61 %
Borgin	3,11 %
Fisk	4,53 %
Sörvágs Flakavirki	3,99 %
Nólsöyar Flakavirki	2,07 %

Frost	4,62 %
Frostvirkið	1,74 %
Harfrost	2,16 %
Handils- og Frystiv.	7,47 %
Kósavirkið	10,72 %
Lynfrost	6,52 %
Norðís	2,70 %
Joensen & Olsen	1,99 %
Nykur	6,21 %
Stranda Fiskavirki	4,21 %
Polarfrost	6,60 %
Snarfrost	5,51 %
Sólarris	2,71 %
Tvöroyrar Flakavirki	7,55 %
Vestmanna Flakavirki	4,01 %
Vikarvirkið	2,40 %

5.4. Vinnslustöðvum verður ekki leyft að láta öðrum vinnslustöðvum eftir af þessum tiltekna kvóta sínum.

5.5. Vinnslustöðvar geta skipst á fisktegundum.

5.6. Landsstjórnin framkvæmir skiptinguna og áætlar þann tonnafjölda sem hver vinnslustöð getur tekið við á hverjum ársfjórðungi.

5.7. Landsstjórnin má leggja vinnslustöð niður um tíma ef hún kaupir stærri hundraðshluta en henni er úthlutaður.

5.8. Ef vinnslustöðin heldur áfram að kaupa of mikinn fisk, verður málið sent lögreglunni.

5.9. Í ársbyrjun er gert upp hversu vel vinnslustöðvarnar hafa haldið kvóta sinn. Ef vinnslustöð hefur keypt of mikinn fisk, mun landsstjórnin heimta af því ágóðann af þessari framleiðslu og leggja hann í landssjóð og annan hluta til útgerðarinnar. Sé farið lítið fram yfir

kvótann, má jafna muninn árið eftir.

6. Uppboðssala.

Þar til kringum 1965 var verð á fiski upp úr sjó í Færeyjum samningsatriði milli fiskkaupenda og sjómanna, en síðan hefur nefnd ákveðið verðið.

Uppboð af því tagi sem tíðkast í grannlöndum okkar hafa ekki verið í Færeyjum. Talið er rétt að reyna þetta, meðal annars til að komast að raun um hvort sala á uppboði getur veitt betri vitneskju um markaðsverð á fiski.

Landsstjórnin leggur því fram á þingi frumvarp um fiskuppboð. Í upphafi verður aðeins selt á uppboði, en stefnt er að því að koma einnig á fót uppboði símleiðis. Efni laganna verður þetta:

6.1. Fiskuppboðið hefst í ágúst 1990.

6.2. Allar fisktegundir má selja á uppboði.

6.3. Frá ágúst 1990 verða 150 tonn af þessum fiski seld á viku í 40 vikur. Auk þessa má selja á uppboði allar fisktegundir sem ekki koma til skipta milli vinnslustöðva.

6.4. Fiskur sem keyptur er á uppboði reiknast ekki með í skiptum á fiski upp úr sjó.

6.5. Öll fiskiskip og fiskvinnslubúnað má selja á uppboði. Einnig má selja útlend veiðiskip á uppboði, enda hafi þau nauðsynleg leyfi.

6.6. Árið 1990 verður uppboðið haldið í Klakksvík. Meirihluti samstarfsnefndarinnar ákveður hvar það verður eftir 1990.

6.7. Hverjum og einum er heimilt að bjóða í á uppboði. Kaupendur skulu áður leggja fram bankatryggingu fyrir kaupunum.

6.8. Landsstjórnin mun koma uppboðinu af stað, standa fyrir því og útvega stað.

6.9. Settur verður fastur uppboðshaldari.

6.10. Flutningsstyrkur verður veittur á fisk frá uppboðsstað til

vinnlustöðvar og hagað þann veg að allar stöðvar sitji við sama borð.

6.11. Seljandi ber ábyrgð á þeim fiski sem ekki fæst boð í.

7. Kaup á fiski til vinnslu.

Það er ekki óvenjulegt erlendis nú á dögum að vinnslustöðvar kaupi útlendan frystan fisk til vinnslu. Rússar hafa vakið máls á því að Færeyingar keyptu af þeim verulegt magn af frystum fiski, en þessir möguleikar eru mjög skertir nú, þar eð kvótinn í Barentshafi hefur verið minnkaður mikið.

Hugsanlegt er að kaupa megi frystan fisk annars staðar að, til dæmis frá Kanada, Alaska, Íslandi eða Grænlandi.

Til að koma tilrauninni af stað leggur landsstjórnin til við þingið að veita um tíma styrk til að kaupa fisk, 1 kr. á kg fyrir innveginn frystan fisk til vinnslu.

Frystur fiskur sem vinnslustöðvar kaupa frá útlöndum reiknast ekki með í skiptum á fiski upp úr sjó.

8. Verðstyrkur.

Hráefnisnefndin ákveður afhendingarverð og reikningsverð, en styrknefndin ákveður ýmsan annan styrk, svo sem kílóstyrk og dagstyrk.

Nefndin fyrir hráefnissjóðinn ákveður mismunandi verðstyrk, þannig að afgreiðslustyrkurinn er settur til fjögurra mánaða, en reikningsstyrkurinn breytist á tveggja vikna fresti. Þessir styrkir skiptast milli skips og áhafnar samkvæmt kjarasamningum. Á sumum skipum hefur hráefnissjóður tekið gjald af tilteknum fisktegundum.

Styrknefndin veitir kílóstyrk vegna ákveðinna fisktegunda og ákeðinna skipategunda. Þetta er rekstrarstyrkur til skipa og báta, áhafnarstyrkur og verðauki. Auk þess veitir nefndin dagstyrk, eftirlitsstyrk (til grálúðuskipa) og útflutningsstyrk (til flökunarstöðva vegna karfa).

Ætlunin er framvegis að greina glögglega milli þess verðs sem fæst á markaði fyrir fiskinn, og styrkjarins úr ladssjóði. Styrkjakerfið verður einfaldað.

Landsstjórnin mun leggja fram fleiri lagafrumvörp í þessa veru, sem taka gildi þegar núverandi verðlagstímabili lýkur 30. júní 1990. Frumvörpin verða um:

8.1. Lög um að landsstjórnin og sjávarútvegsnefnd lögbingsins ákveði verðstyrk 1. apríl og 1. október ár hvert. Meirihluta er krafist bæði í landsstjórninni og sjávarútvegsnefnd. Styrkurinn verður misjafn eftir fisktegundum og skiptist milli skips og áhafnar samkvæmt samningum. Í fyrstu lotu verður auk þess veittur áhafnar- eða rekstrarstyrkur til þess að núverandi styrkuppþæð breytist ekki fyrr en samningstímabilið er úti. Sjómenn og útgerðarmenn geta breytt skiptunum með samkomulagi sín á milli.

8.2. Lög um lágmarkslaun, dagstyrk og lágmarkságóða.

8.3. Verðlagsnefnd ákveður lágmarksverð fyrir fisk sem afgreiddur er í Færeyjum. Með lágmarksverði er átt við að ekki sé heimilt að kaupa lægra verði fisk sem ætlaður er til manneldis. Að sjálfsögðu er heimilt að kaupa fisk fyrir meira en lágmarksverð, og ætlunin er að aðeins algengasti fiskurinn verði keyptur við þessu verði, en fiskur sem er gott eða ágætt hráefni á að seljast herra verði eftir verðmæti vörunnar sem fæst við vinnsluna.

8.4. Í verðlagsnefnd eru tveir fulltrúar fiskkaupenda og tveir fulltrúar seljenda. Þeir kjósa sér oddamann. Ef ekki næst meirihluti um oddamann, skipa yfirvöld (sorinskrivari) hann.

8.5. Lög um hráefnissjóð og styrkjanefnd verða afnumin.

9. Bónuskerfi fyrir flökunarstöðvar.

Til þess að fiskur verði verkaður þannig að besta verð fáiist, verkafólki, vinnslustöðvum, skipum og samfélaginu í heild til heilla, er

ætlunin að taka upp bónuskerfi fyrir gæðavörur. Með herra verði og bónus á vandaða vöru fá vinnslustöðvarnar meira til skiptanna og verðið hækkar.

Styrkurinn til vinnslunnar skiptist þannig í tvennt, annars vegar til veiða og hins vegar til að fá fiskinn verkaðan í tiltekna söluvöru.

Eigi trygging að fást fyrir því að fiskur verði ekki bara sýndur á gólfi og hann síðan seldur óunninn, dugir ekki að hafa bónus beinlínis vegna hráefnis, heldur verður fiskurinn að vera kominn á tiltekið vinnslustig.

Ef fiskurinn er flakaður getur til dæmis ágóðahlutfallið ráðið bónusnum. Ágóðahlutfall er misjafnt eftir fisktegundum og ekki hið sama allt árið, því að fiskurinn er misfeitur og misstinnur.

Ekki verður heldur auðvelt að fylgjast með því á öllum vinnslustöðvum hvort framleiðsluvaran er rétt skráð. Því dugir vart að láta hana ráða bónus. En til þess að koma í veg fyrir að fiskur fái styrk og fari óverkaður úr stöðinni, verður að veita styrk vegna þess fisks sem er flakaður. Þá gæti bónusinn verið á kílógramm af flökum.

Annað atriði vegna bónussins gæti verið að það sem er unnið ~~til~~ ^í neytendavöru fái sérstakan bónus. Í byrjun mætti gera það með því að veita bónus á alla vöru til neytenda, en þegar fram í sækir sést hversu það gefst og þá má gera mun á vörum eftir samfélagslegu gildi þeirra. Til bráðabirgða getur bónusinn verið á kílógramm af unninni vöru.

Reyna mætti að hafa bónusinn tiltekinn hundradshluta af virðisauka, en slíkt er erfiðara í skráningu. Einnig er erfitt að reikna árangurinn áður en bónuskerfið er prófað. Þegar eitthvert kerfi hefur verið reynt um tíma, er efalaust auðveldara að breyta því í annað sem reynist betur.

Ætlunin er að hafa einn bónus fyrir kílógramm af fiski sem er flakaður og annan á kílógramm af unninni vöru sem fer í neytendaumbúðir.

10. febrúar 1990

(Undirskriftir:

Fólkaflokkurinn

Sambandsflokkurinn

Þjóðveldisflokkurinn

Annfinn Kallsberg

Pauli Ellefsen

Finnbogi Isakson)